

Kæru nemendur og foreldrar/forsjáraðilar,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni í námi og líðan. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Námsumhverfi	Virkni í námi	Líðan
<ul style="list-style-type: none"><li>• Viðhorf og hollusta til skólans</li><li>• Samsömun við nemendahópinn</li><li>• Stuðningur kennara við nemendur</li><li>• Virk þátttaka nemenda í tímum</li><li>• Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)</li><li>• Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Námsáhugi</li><li>• Vinnulag í námi</li><li>• Ástæður fjarveru</li><li>• Formlegar skyldur í dæmigerðri viku</li><li>• Notkun á gervigreind í námi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vellíðan</li><li>• Hamingja</li><li>• Sjálfssálit</li><li>• Stjórn á eigin lífi</li><li>• Þunglyndi</li><li>• Kvíði</li><li>• Svefnleysi</li><li>• Ástæður svefnleysis</li><li>• Einelti</li><li>• Áreitni og ofbeldi</li></ul>

Þeir nemendur sem lenda í úrtakinu svara spurningalista á netinu einu sinni á árinu og tekur um 20 mínútur að svara listanum. Könnunin er hluti af lögbundnu innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á [www.visar.is](http://www.visar.is) undir *Persónuverndarstefna*.

*Visar rannsóknir*, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á [www.visar.is](http://www.visar.is). Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á [personuvernd@visar.is](mailto:personuvernd@visar.is).

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin(n/ð) því að þú (eða barn þitt) geti lent í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnuna eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).